

## 13. gr.

Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

## 14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neyta þess. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

## 15. gr.

Reglur þessar eru settar með skírskotun til 8. gr. l. nr. 47/1957, um félagsheimili, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*

## REGLUGERÐ

### fyrir Sundlaug Akureyrar.

## 1. gr.

Sundlaug Akureyrar er eign Akureyrarkaupstaðar. Sundlaugin skal rekin sem sérstakt fyrirtæki samkvæmt reglugerð þessari.

## 2. gr.

Ípróttaráð Akureyrar fer með stjórn sundlaugarinnar ásamt forstöðumanni hennar í umboði bæjarstjórnar Akureyrar, sem hefur með höndum yfirstjórn laugarinnar.

## 3. gr.

Ípróttaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um rekstrarfyrirkomulag laugarinnar, s. s. starfstíma og starfsmannahald, þ. á m. ráðningu forstöðumanns og annarra fastra starfsmanna og gefur út erindisbréf fyrir starfsmenn laugarinnar.

## 4. gr.

Ípróttaráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um gjaldskrá fyrir afnot laugarinnar: aðgang að almennum sundtímum og gufubaðstofu, aðgang að mótum og sýningum, fyrir sundæfingar skóla og félaga, fyrir leigu á baðfötum og handklæðum.

Ípróttaráð skal fyrir nóvemberlok ár hvert hafa samið og sent bæjarráði áætlun um tekjur og gjöld laugarinnar á komandi ári, þar sem m. a. er áætlaður rekstrarstyrkur bæjarsjóðs.

## 5. gr.

Ípróttaráð tekur ákvarðanir um mæriháttar viðhald laugarinnar og tækja-kaup. Ráðið setur reglur um umgengni baðgesta.

## 6. gr.

Forstöðumaður sundlaugarinnar sér um daglegan rekstur hennar. Hann ákveður vaktaskipun og vinnutilhögun í samráði við ípróttaráð. Hann ræður starfsfólk til að leysa af í sumarleyfum og forföllum í samráði við ípróttaráð. Hann fylgist með, að hlýtt sé reglum um umgengni baðgesta og að starfsfólk gegni störfum sínum samkvæmt ráðningarsamningum, reglum og fyrirmælum.

Forstöðumaður skipar niður sundtímum. Þegar skipað er niður sundtímum skóla, skulu skólastjórar eða umboðsmenn þeirra tilkvaddir.

Forstöðumaður sér um, að eignum laugarinnar sé vel við haldið og gerir tillögur til íþróttaráðs um meiriháttar viðgerðir og endurbætur eignarinnar.

Forstöðumaður leigir út laugina til sýninga og kappmóta í samráði við íþróttaráð.

Forstöðumaður annast um starfsemi laugarinnar samkvæmt fyrirmælum íþróttafulltrúa ríkisins og semur árlega greinargerð um starfsemi laugarinnar, sem lögð verði fyrir íþróttaráð og bæjarstjórn. Afrit greinargerðarinnar skal senda íþróttafulltrúa ríkisins og stjórn Í. B. A.

Forstöðumaður skal sjá um vörzlu á innkomnu fé laugarinnar, eftir nánari reglum, sem íþróttaráð setur í samráði við bæjargjaldkera og standa bæjargjaldkera skil á þeim.

Að öðru leyti skal forstöðumaður gæta þess, að hagsýni sé gætt í rekstri laugarinnar.

#### 7. gr.

Reikningsár sundlaugarinnar er almanaksárið. Bæjargjaldkeri Akureyrar og aðalbókari annast fjárreiður og bókhald laugarinnar og gerð ársreikninga. Um endurskoðun, samþykkt og birtingu reikninga laugarinnar fer með sama hætti og reikninga bæjarsjóðs.

Enga reikninga vegna sundlaugarinnar má greiða, nema heimild sé til þess í fjárhagsáætlun og forstöðumaður hafi áritað þá.

#### 8. gr.

Sundlaugina má eingöngu nota til sundiðkana, baða, sundsýninga og sundkeppni.

Heimilt er að fella inn í leigu vegna sundsýninga og sundkeppni greiðslu til slysasjóðs Í. B. A.

Skólar bæjarins hafa, þann tíma, sem þeir starfa, forgangsrétt að sundtímum á tímabilinu frá kl. 0800 til 1700 virka daga.

#### 9. gr.

Sundiðkendum, sem taka þátt í námskeiðum, sundtímum félaga eða kaupa sér aðgang í fleiri en 10 skipti, má veita nokkur fríðindi í aðgangseyri, eftir því sem nánar verður ákveðið í gjaldskrá, sem bæjarstjórn samþykkir.

#### 10. gr.

Reglugerð þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur samþykkt eftir tillögu Íþróttaráðs Akureyrar, er sett samkvæmt 10. gr. íþróttalaga nr. 49 frá 7. apríl 1956, og staðfestist hér með.

*Menntamálaráðuneytið, 19. ágúst 1964.*

**Gylfi Þ. Gíslason.**

*Knútur Hallsson.*